



Fundargerð 419. fundar í Þingvallanefnd 10. nóvember 2015

Fundur haldinn á skrifstofu Þingvallanefndar í Austurstræti 12, þriðjudaginn 10. nóvember kl. 11.30. Fundinn sátu Sigrún Magnúsdóttir formaður, Unnur Brá Konráðsdóttir, Róbert Marshall og Oddný Harðardóttir.

Fundinn sátu einnig Ólafur Örn Haraldson þjóðgarðsvörður, Einar Á. Sæmundsen fræðslufulltrúi, Þráinn Hauksson Landslagi, Sigbjörn Kjartansson Glámu Kím, Guðbjartur Ólafsson Framkvæmdasýslu ríkisins, Hildur Hafsteinsdóttir skrifstofustjóri og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði. Formaður gerði grein fyrir því að þar sem einungis þrír nefndarmenn voru mættir í upphafi fundar, yrði hann ekki ályktunarfær fyrr en fjórði nefndarmaður myndi koma til fundar.

1. Stækkun gestastofu. Teikningar til samþykktar.
Sigbjörn Kjartansson og Þráinn Hauksson sýndu grunnteikningar og þrívíddarteikningar að stækkun gestastofu. Reiknað er með að hönnunarvinnu verði lokið fyrir áramót.
Róbert Marshall mætti undir umræðunni á þessum lið og nefndin því ályktunarfær undir liðum 1-5.
Teikningar samþykktar.
2. Forkaupsréttur að sumarhúsum
 - Efristígur 12
Þingvallanefnd samþykkir af falla frá forkaupsrétti sínum.
 - Efristígur 5
Þingvallanefnd samþykkir af falla frá forkaupsrétti sínum.
 - Neðristígur 10
Samþykkt að fresta afgreiðslu og afla frekari gagna.
3. Stækkun bílastæða á Haki og við Langastíg.
Samþykkt að halda skipulagsferli áfram og stækkunin verði tilbúin til framkvæmda næsta vor.
4. Salerni á Þingplani, Haki og við Langastíg og deiliskipulagsbreyting. Umsókn í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Umsókn var send í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og varðar 32 ný salerni sem verði byggð við Langastíg/Stekkjargjá, á Valhallarplani og við Þingplan. Samþykkt að vinna að deiliskipulagi og að salernin verði opnuð næsta vor.
Samþykkt.

5. Tillaga um nýtt veitinga- og móttökuhúsi á Haki var kynnt.

Þingvallanefnd samþykkir að hefja þegar undirbúning að veitinga- og móttökuhúsi á Hakinu. Unnið verði með Framkvæmdasýslu ríkisins að ítarlegri þarfagreiningu og frumathugun.

Í húsinu verði fullbúið og vandað veitingahús þar sem í boði verði úrvals matur og góð þjónusta, þar verði auk þess salur til veislu- og fundarhalda.

Húsið rísi suðvestan við núverandi gestastofu þar sem víðsýni og fegurð Þingvalla og fjallahingsins nýtur sín. Göngustígar og útsýnisstaðir í grenndinni tengist kerfi gönguleiða fram á brún Haksins og niður í Hestagjár, Hallsins, gamla Valhallarplans og bakka Öxarár.

Rekstur hússins og aðkoma gesta nýti þá innviði sem þegar eru fyrir hendi á Hakinu s.s. bílastæði og aðkomuleiðir.

Róbert Marshall vék af fundi undir þessum lið, áður upplýsti hann formann um að vera meðmæltur þessari tillögu.

6. Erindi til Þingvallanefndar;

Bókmenntafélagið. Bókmenntafélagið áætla að gefa út veglega listaverkabók sem mun hafa heitið „Þingvellir í íslenskri myndlist“. Bókmenntafélagið óskar eftir samstarfi um bókina við Þingvallanefnd. Þingvallanefnd lýsir ánægju með verkefnið og er tilbúin að ræða möguleika á samstarfi um það.

7. Önnur mál.

Hleðsla á rafbíla. Þjóðgarðsverði falið að kanna hvort hægt sé að koma upp hleðslu á rafbíla á Þingvöllum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.00.